Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 22. mars 2018
SFS2018030053
0.7.0
SP/ÞÞ/shj

Nefndasvið Alþingis

Alþingishús
150 REYKJAVÍK

***Umsögn skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar við þingsályktunartillögu um aðgengi að starfænum smiðjum***

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur fagnar þingsályktunartillögu um aðgengi að stafrænum smiðjum. Tillagan er mikilvæg fyrir þróun náms- og kennsluhátta í skapandi og fjölbreyttu skóla- og frístundastarfi við upphaf fjórðu iðnbyltingarinnar.

Sérstaklega er tekið undir áherslur í greinargerð með tillögunni þar sem lögð er áhersla á

> ***"að aðgengi verði ekki takmarkað við framhaldsskólana heldur verði smiðjurnar opnar bæði grunnskólum á viðkomandi svæðum og almenningi. Mikilvægt er að samhliða verði tryggt að í smiðjunum starfi vel þjálfað starfsfólk sem hafi þekkingu bæði á notkun tækja og tóla, hönnun og verðmætasköpun, sem og að þjálfun kennara verði tryggð. "***

Jafnframt er bent á mikilvægi þess að hafa í huga aðgengi barna og ungmenna í skipulögðu frístundastarfi að smiðjunum vegna umfangsmikils óformlegs náms á þessum vettvangi.

Virðingarfyllst

Soffía Pálsdóttir
skrifstofustjóri frístundahluta fagskrifstofu
staðgengill sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs